

Hálfkák stoppar ekki tifandi tímasprengju

Eftir Rósu Ólafsdóttur



Rósa Ólafsdóttir

Hvað er það sem vekur fólk til umhugsunar um að eitthvað verði gert af viti í málunum þegar mannlíf eru í húfi? Þarf alltaf að bíða eftir dauðslysum eða öðru álíka?

Allavega hef ég hugsað mikið um þetta enda keyrt milli Súðavíkur og Ísafjarðar í vinnu, fimm daga vikunnar í átta ár og mætt ýmsu á þeirri leið þar sem oft hefur munað litlu.

Um jóladagana kom berlega í ljós hvað heimamenn eru að tala um þar sem Súðavíkurhlíðin lokaðist í marga daga og þorpið fullt af fólki sem var á leiðinni heim til sín, fólk

frá Ísafirði, Bolungarvík, Flateyri, Pingeyri, Hnífsdal og þar um kring sem var fast í Súðavík. Þetta fólk var því upp á þorpsbúa komið með gistingu og fæði og var að sjálf-sögðu reynt að koma á móts við alla eins og hægt var. Enginn komst heim til sín, fólk sem hafði ferðast marg-er klukkustundir frá Reykjavík og öðrum

stöðum var innilokað.

Nýlega hafa komið fram tillögur um varnamannvirki, skápa og stálþil í Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð til varnar vegfarendum. Það sama var gert í Óshlíðinni og miklum peningum eytt þar í snjóflóðavarnir sem ekki dugðu og niðurstaðan var gerð

» Hvað er það sem vekur fólk til umhugsunar um að eitt-hvað verði gert af viti í málunum þegar mannlíf eru í húfi?

glæsilegra jarðgangna sem hafa gert líf allra Bolvíkinga, Vestfirðinga og allra þeirra sem göngin þurfa að nota miklu betra og að ég tali nú ekki um öruggara. Fólk er þar ekki í lífshættu við að ferðast á milli staða eins og það heitir á íslensku. Af fyrri reynslu var *ekki vit-að* um allan þann hræðilega kraft og eyðileggingarmátt sem leynist í snjóflóðum, en allir Íslendingar vita það í dag. *Ekki þá, og ekki núna, við breytum ekki náttúruöflunum.*

Stálþil eða skápar munu ekki stoppa þau snjóflóð sem fara af stað. Slíkar framkvæmdir eru hálfkák þar sem peningum er kastað á glænda vita menn að tjaldað er til fárra náttu. Úr hverju gili og skorningum brattru fjallanna rennur snjór niður hlíðarnar og í sjó fram, einnig grjót og aurskriður.

Að keyra Súðavíkurhlíðina við þannig aðstæður er rússnesk rúletta, að komast heil heim er loka-takmarkið. Vegfarendur búa ekki bara við hættu af snjóflóðum heldur einnig stórhættulegu grjóthruni og það allan ársins hring. Það skiptir kannski stjórnmálin mestu að þarna hefur enginn týnt lífi svo vitað sé, þetta er *tímasprengja* sem tifar. Í gær taldi ég 8 grjóthnullunga á veginum sem komu niður snarbratta hlíðina og í dag snjóar. Miklar leysingar valda grjóthruni því hlíðin er á

hreyfingu, síðan snjóar og frýs og upp safnast snjóalög sem geta endað í snjósCRIÐUM.

Þjóðvegurinn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð er sá vegur sem íbúar á norðanverðum Vestfjörðum þurfa að aka til að komast til og frá svæðinu vegna þess að leiðin á suður-firðina um Hrafnseyrar- og Dynjandisheiðar er lokað stóran part ársins. Þegar vegur um Kirkjuból- og Súðavíkurhlíð lokast vegna snjóflóðahættu er viðbúið að veðuraðstæður séu einnig þannig að flug til og frá svæðinu liggja jafnframt niðri.

Þetta er enginn nýr sannleikur, þetta *vita* allir sem þekkja til, en enn er talað, hvar sváfu menn á verðinum, hvar er samtakamátturinn og viljinn? Lengi hefur verið talað en ekkert framkvæmt, það þreytir mig.

Höfundur er þjónustufulltrúi.